

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 195/2014**

195-2015i

frá 25. september 2014

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB frá 20. september 2013 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/915/EB <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 102, 5.4.2014, bls. 22.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2013/480/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 13cab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32013 D 0480**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB frá 20. september 2013 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/915/EB (Stjtið. ESB L 266, 8.10.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 102, 5.4.2014, bls. 22.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/480/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 102, 5.4.2014, bls. 22, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 266, 8.10.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.